



Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

12. mars 2021

Efni: Umsögn ungmennaráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar við frumvarpi til laga um stjórnskipunarlæg (kosningaldur) 188. mál

Ungmennaráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar komst að þeirri niðurstöðu að almennt eru ungmenni ekki tilbúin til þess að mynda sér svona veigamiklar skoðanir 16 ára gömul þar sem lítil fræðsla um þessi málefni fer fram á grunnskólaaldri. Þar má bæta úr, þar sem einn grunnþátta menntunnar í aðalnámskrár grunnskólanna er lýðræði og skólarnir þurfa að taka mið af því að barnanna bíður að taka þátt í lýðræðissamfélagi og að taka þátt í að móta samfélag sitt nær og fjær. Ráðinu finnst að réttur til þess að kjósa ætti að miðast við 18. aldursár en ekki við fæðingardag. Það eru til fleiri leiðir en kosningar fyrir ungmenni/börn til þess að koma sínum skoðunum á framfæri, t.d. ungmennaráð eða barna- og ungmennanæing innan sveitarfélaga. Kjörnir fulltrúar gætu líka boðað til funda með ungmenum/börnum og þannig fengið að heyra þeirra skoðanir. Með virku samtali á þessum vettvangi má ræða málefni sem snerta ungmenni/börn og þannig ættu skoðanir þeirra að komast til skila.

f.h. ungmennaráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar,
Þorvaldur Gröndal,
frístundastjóri